

# Minnisblað

Til:  
Frá: Axel Rodriguez Överby  
Dags. 6. apríl 2017  
Mnr. 2017010006




ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - stílsnið.docx

Þann 10.12.2015 var deiliskipulag fyrir Skrúð í Dýrafirði, samþykkt í bæjarstjórn. Þar sem gert er ráð fyrir nýjum byggingareit fyrir þjónustuhús austan við Skrúð. Fjarlægð byggingarreitar er 6 m frá mörkum garðsins. Í lögum um menningarminjar þá 80/2012 gr. 22 segir

*„Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið“.*

Skrúður var stofnaður árið 1909 og þar með yfir 100 ára gamall og telst því friðaður þar með er 15 metra helgunarsvæði umhverfis garðinn, mörk byggingarreits eru innan 15 metra helgunarsvæðis Skrúðs. Til þess að að þjónustuhús komist fyrir án þess að ganga á helgunarsvæðið þá þarf að gera óverulega breytingu á dsk. fyrir Skrúð skv. 2 mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 1. mgr. og skal þá fara fram grenndarkynning. Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skal taka mið af því að hve miklu leyti tillagan vikur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis. [Sveitarstjórn skal senda Skipulagsstofnun samþykktu deiliskipulagsbreytingu og birta auglýsingu um samþykkt hennar í B-deild Stjórnartíðinda.]



Þar sem grenndaráhrif eru óveruleg er ekki þörf á grenndarkynningu og er nægjanlegt að landeigandi í þessu tilfelli Ísafjarðarbær veiti samþykki á breytingaruppdrátt.